



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 9. maí 2019

USK2017110043

5.2

Borgarráð

Úlfarsárdalur, nýtt hverfi. Gerð útivistarsvæðis og landmótun við Leirtjörn.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við gerð útivistarsvæðis og landmótun við Leirtjörn í Úlfarsárdal.

Kostnaðaráætlun 2 vegna verkefnisins er 250 mkr. Áætlaður framkvæmdatími er júní til september 2019.

Greinargerð:

Um er að ræða framkvæmdir í tengslum við stækkun íbúðahverfisins í Úlfarsárdal, norðan Skyggisbrautar. Land milli nýrrar íbúðabygðar og Leirtjarnar verður mótað m.a. með gerð útivistarstígs, komið verður fyrir vatnsrásum vegna ofanvatns frá íbúðabygðinni, gróðursetningu og gerð grasflatar til leikja. Þá fær Leirtjörn fasta bakka og rennsli frá henni verður stýrt um farveg um gil austan byggðarinnar niður í Úlfarsá. Í bökkum Leirtjarnar verður komið fyrir votlendisgróðri og gerður hólmi í tjörninni.

Framkvæmdir eru í samræmi við samþykkt deiliskipulag svæðisins með það að markmiði að viðhalda og auka líffræðilegan fjölbreytileika og að skapa fjölskrúðugt og fjölskylduvænt umhverfi í námunda við íbúðabygðina.

Samhliða þessum framkvæmdum verður áfram unnið við að ljúka gatnagerð á svæðinu í takt við þróun byggðarinnar.

Framkvæmdir þessar mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðaráætlun 2 vegna útivistarsvæðis og Leirtjarnar: 250 mkr.

Kostnaðarstaður: 3104

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:


- Yfirlitsmynd og framkvæmdalýsing.



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



LEIRTJÖRN Í ÚLFARSÁRDAL



SKYRINGAR

- frankvæmdarmörk 2019
- 100 cm núverandi hæðarlínur
- 100 cm nýjar hæðarlínur
- 50 cm nýjar hæðarlínur
- lúðarmörk
- grassáning með landgræðsluböndu
- grassáning með vatnagrasi, þéttur svöður
- pökulögn í vatnsrásum, slitsterkt torf
- pökulögn með úthagatorfi
- grunnar vatnsrásir mótaðar í landið
- grjótkantur úr grágrýti við tjarnabakka, h. 100 cm
- ræsi
- tjörn

grunn rás mynduð fyrir yfirfall vatns úr núverandi landi yfir í nýja tjörn

vollendisgröður settur á bakka og út í tjörn

frágangur við ræsi-úr-grágrýti

vatnsrás með jökulleir í botni, gröðurmold í hlíðum og gröðursetningu

Svæði milli lúða og stígs mótað og grunnar vatnsrásir mótaðar til að taka við yfirborðsvatni

Útivistarstígur tengist gangstítt

Aðlögun að núverandi landi, halli 1:3

Útivistarstígur 3,0 m breiður - jarðvegsskipti, í útboði er ekki yfirborðsfrágangur

tjarnabakki af líðandi, halli 1:10

grjótkantur í hólma

hólmi 87,7

yfirborð tjarnar 87,2

botn tjarnar 86,4 dýpt 80 cm

botn tjarnar 86,8 dýpt 40 cm

frírhugað úvargræði L.d. bryggja - lega dúka tekur mót af því á þessu svæði

ræsisendi gengur inn í grágrýtiskant

grjótkantur 87,9

grjótkantur úr grágrýti

stífla

núv. háspennulína

fyrirhugað brú og áframhaldandi útivistarstígur ekki með í útboði

útráa úr tjörn - ekki með í útboði

frágangur við ræsi - ekki með í útboði

frágangur við ræsi - ekki með í útboði

núv. ræsi undir veg

núv. stígur

útivistarbilastaði framkvæmt 2018



LEIRTJÖRN Í ÚLFARSÁRDAL

FRAMKVÆMDALÝSING

VERKLÝSING

- LANDMÓTUN HÓLMA, TJARNAR OG UMHVERFIS
- GRJÓTKANTUR VIÐ SUÐURHLUTA TJARNAR
- VOTLENDISGRÓÐUR VIÐ BAKKA
- ÚTIVISTARSTÍGUR
- RÆSI OG VATNSRÁSIR
- SÁNING, ÞÖKULÖGN OG ANNAR YFIRBORÐSFRÁGANGUR

KOSTNAÐAR- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

- Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður verði 250 MKR
- Framkvæmdatími er áætlaður á tímabilinu júní til september

